**8. fundur Öldungaráðs**
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 7. febrúar 2018**
**og hófst hann kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**
Björn Helgason formaður, Grétar Þórðarson varaformaður, Guðný Sigríður Þórðardóttir aðalmaður, Gunnlaugur Gunnlaugsson aðalmaður, Halla Sigurðardóttir aðalmaður, Guðmundur Hagalínsson aðalmaður og Magnús Reynir Guðmundsson aðalmaður.

**Embættismenn:**
Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

**Fundargerð ritaði:** Margrét Geirsdóttir, Sviðsstjóri.

**Dagskrá:**

1. **Félagsleg einangrun eldriborgara. - 2016120017**

   Félagsleg einangrun.

   *Formaður ræddi um félagslega stöðu eldri borgara í sveitarfélaginu. Umræður fóru fram, m.a. um þörf fyrir tómstundafulltrúa fyrir eldri borgara og stöðu mála í Önundarfirði.*

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs mætti til fundar undir þessum lið.

2. **Staða húsbyggingar á Wardstúni. - 2016120017**

   Staða húsbyggingar á Wardstúni.

   *Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs mætti til fundar við ráðið og kynnti stöðu húsbyggingar á Wardstúni.*

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar mætti til fundar undir þessum lið.

3. **Heilsueflandi samfélag - 2017070025**

   Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs kynnti verkefnið Heilsueflandi samfélag. Um er að ræða verkefni á vegum embættis landlæknis þar sem lögð er áhersla á vellíðan fyrir alla. Vísað er til andlegrar-, líkamlegrar- og félagslegrar heilsu.

   *Umræður fóru fram, t.d. um að það kæmi fulltrúi frá öldruðum í stýrihóp fyrir verkefnið.*

4. **Reglur um heimaþjónustu. - 2016120017**

Kynning á nýjum reglum um heimaþjónustu. Sædís María Jónatansdóttir, Anna Valgerður Einarsdóttir og Jóhanna Maggý Kristjánsdóttir mættu til fundar við ráðið og kynntu nýjar reglur um heimaþjónustu.

*Reglurnar kynntar.*

**5. Hálkuvarnir í sveitarfélaginu. - 2016120017**

Rætt um hálkuvarnir í sveitarfélaginu.

*Öldungaráð lýsir áhyggjum af ástandinu og felur formanni að leita upplýsinga um hálkuvarnir og kanna leiðir til úrbóta.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:45**

| | |
|---|---|
| Björn Helgason | Grétar Þórðarson |
| Guðný Sigríður Þórðardóttir | Gunnlaugur Gunnlaugsson |
| Halla Sigurðardóttir | Guðmundur Hagalínsson |
| Magnús Reynir Guðmundsson | Linda Rós Kristjónsdóttir |
| Konráð Eggertsson | Valdís Veturliðadóttir |
| Smári Haraldsson | Sigríður Skarphéðinsdóttir |
| Margrét Geirsdóttir | |